

59. Fundur bæjarráðs Blönduósþæjar miðvikudaginn 30. ágúst 2012, kl. 15:00.

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

- 1. Rekstraryfirlit fyrstu 6 mánuði ársins**
 - 2. Vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013**
 - 3. Bréf frá Samkeppniseftirlitinu dags. 23. ágúst 2012**
 - 4. Samningur um ræktun og uppgræðslu á landi í Vatnahverfi**
 - 5. Bréf frá Fjármálaráðuneytinu dags. 16. ágúst 2012**
 - 6. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 13. ágúst 2012**
 - 7. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 16. ágúst 2012**
 - 8. Bréf frá Samstöðu dags. 20. ágúst 2012**
 - 9. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 14. ágúst 2012**
 - 10. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags**
 - 11. Önnur mál**
-

Afgreiðslur:

1. Rekstraryfirlit fyrstu 6 mánuði ársins

Valgerður Hilmarsdóttir, fjármálastjóri Blönduósþæjar mætti á fundinn. Valgerður gerði grein fyrir rekstri Blönduósþæjar fyrstu 6 mánuði ársins. Fram kom að bókaðar tekjur fyrstu 6 mánuði ársins í A-hluta eru alls 370,0 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir tekjum að upphæð 790,4 millj. kr. allt árið 2012. Bókuð útgjöld fyrstu 6 mánuði ársins í A-hluta eru 373,2 millj. kr. en fjárhagsáætlun ársins gerir ráð fyrir útgjöldum upp á 775,6 millj. kr. allt árið. Niðurstaða úr rekstri fyrstu 6 mánuði er 3,2 millj. kr. gjöld umfram tekjur en fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir 14,8 millj. kr. tekjum umfram útgjöld í A-hluta. Fjárfestingar fyrstu 6 mánuði ársins eru 4,2 millj. kr. en gert er ráð fyrir 8 millj. kr í fjárfestingar árið 2012.

Valgerður Hilmarsdóttir yfirgaf fundinn.

2. Vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013

Fjármálastjóri lagði fram vinnuferli við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2013. Bæjarráð samþykkir vinnuferlið.

3. Bréf frá Samkeppniseftirlitinu dags. 23. ágúst 2012

Þann 9. maí sl. barst Samkeppniseftirlitinu ábending þess efnis að Ferðamálastofa og Blönduósbær setji hömlur á samkeppni í ferðamannaiðnaði í og við Blönduósbæ. Í ábendingunni segir að það sé framkvæmt með þeim hætti að ákveðnum aðila sé meinað að auglýsa þjónustu sína hjá upplýsingamiðstöð ferðamála á staðnum.

Eftir mat á því hvort erindið gæfi tilefni til rannsóknar telur Samkeppniseftirlitið svo ekki vera og er málinu lokið hjá eftirlitinu.

Lagt fram til kynningar.

4. Samningur um ræktun og uppgræðslu á landi í Vatnahverfi

Fyrir fundinn liggur viðaukasamningur um ræktun Landgræðsluskóga og uppgræðslu á landi í Vatnahverfi í eigu Blönduósbæjar.

Ágúst Þór Bragason, forseti bæjarstjórnar Blönduósbæjar undirritaði samninginn í umboði bæjarráðs á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands sem haldinn var á Blönduósi daganna 24-26. ágúst. Bæjarráð samþykkir samninginn.

5. Bréf frá Fjármálaráðuneytinu dags. 16. ágúst 2012

Óskað er eftir tilnefningu til nýsköpunarverðlauna í opinberri þjónustu og stjórnslu.

Lagt fram til kynningar.

6. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 13. ágúst 2012

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Björns Þórs Kristjánssonar, kt. 090563-5149, f.h. Potturinn Restaurant, um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, við Norðurlandsveg 4, 540 Blönduósi. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

7. Bréf frá Sýslumanninum á Blönduósi dags. 16. ágúst 2012

Sýslumaðurinn á Blönduósi óskar eftir umsögn Blönduósbæjar um umsókn Páls A. Jónssonar, kt. 051050-8199, f.h. Laxás og Laxás 2, um leyfi til að reka veitingastað í flokki II, Norðurlandsvegi/Svínvetningabraut, 540 Blönduósi. Með vísan til 4. mgr. 1. tl. 10. gr. laga um veitingastaði, gistiheimili og skemmtanahald, þar sem sveitarstjórn er falið að veita umsögn um

afgreiðslutíma og staðsetningu staðar sem umsókn lýtur að sé innan þeirra marka sem reglur og skipulag sveitarfélagsins segja til um, veitir bæjarráð jákvæða umsögn.

8. Bréf frá Samstöðu dags. 20. ágúst 2012

Bæjarráð tekur undir það sem fram kemur í bréfinu að rekstur fiskvinnslunnar Sæmár sé stórt hagsmunamál fyrir Blönduósbæ og mun leitast við að standa vörð um þennan vinnustað.

9. Bréf frá Hafnasambandi Íslands dags. 14. ágúst 2012

Boðað er til 38. hafnasambandsþings í Höllinni í Vestmannaeyjum dagana 20. og 21. september 2012.

Blönduósbær mun ekki senda fulltrúa á Hafnarsambandsþingið að þessu sinni.

10. Námsvist utan lögheimilissveitarfélags

Fært í trúnaðarbók

11. Önnur mál

Engin önnur mál.

*Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundu slitið 17:25*

*Zophonías Ari Lárusson (sign.)
Anna Margrét Sigurðardóttir (sign.)
Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)*

Arnar Þór Sævarsson (sign.)